

Þingflokksfundur Pírata

Mánudaginn 4. júní, kl. 13:00 - 15:00

Nr. 56/148

Fundarstjóri	Eiríkur Rafn Rafnsson (ERR)
Fundarritari	Baldur Karl Magnússon (BKM)
Þingmenn	Björn Leví Gunnarsson (BLG) Halldóra Mogensen (HM) Jón Þór Ólafsson (JPÓ) Sara Elísa Þórðardóttir (SEP) Smári McCarthy (SMC) Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (PSÆ)
Gestir	Jón Gunnar Borgþórsson (f.h. framkvæmdaráðs)

Fundargerð

1. Samþykkt fundargerða

Fundargerð 54/148 og 55/148. Samþykkt án andmæla.

2. Þingstörfin framundan

BLG mun beina fyrirspurn til forsætisráðherra um siðareglur ráðherra á mánudag. SEP, BLG og SMC hyggjast taka til máls undir dagskrárliðnum störf þingsins á þriðjudag. Þá fara einnig fram sérstakar umræður um barnaverndarmál. PSÆ málshefjandi, HM mun einnig taka til máls. Þingvakt skipulögð, en forseti hefur ákveðið að starfsáætlun þingsins gildi ekki lengur.

3. Bréf þingflokksformanns

PSÆ gerði grein fyrir störfum þingflokksformanns. Rætt um þinglok

4. Bréf úr forsætisnefnd

Yfirferð yfir þinghaldið. Fjallað um siðareglur þingmanna í ljósi þingmáls um lækkun veiðigjalda.

5. Bréf úr nefndum

Þingmenn gerðu grein fyrir störfum í fastanefndum.

6. Beiðni um not á afstöðu þingflokks fyrir fund

Dagskrárlið frestað.

7. Önnur mál

Engin önnur mál.